

**145. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
25. janúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2011247 - Fjöliðjan - úttekt á húsnæði**

Sameiginlegur dagskrárliður skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Skipulags- og umhverfisvið Akraneskaupstaðar óskaði eftir ástandsskoðun á húsnæði Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað að Dalbraut 10. Verkís annaðist úttektina og liggja niðurstöður hennar fyrir ásamt niðurstöðum Náttúrufræðistofnunar Íslands á þeim sýnum sem voru tekin.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Indriða Nielssyni, verkfræðingi frá Verkís og Birni Marteinssyni, verkfræðingi góða kynningu. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að sá starfshópur sem hefur verið að störfum varðandi hugmyndir um stækkun fjöliðjunnar leggi fram endanlegar hugmyndir um innra skipulag hennar. Þær hugmyndir verði lagðar fyrir viðkomandi ráð til endanlegrar staðfestingar.*

*Að öðru leyti verði stuðst við rannsókn Verkís við lagfæringar, úrbætur og uppbyggingu á núverandi húsnæði fjöliðjunnar m.t.t. þess að nýta núverandi húsnæði við enduruppbyggingu hennar.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, SK og SH.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**